

## Indversk saga.

TEKIN ÚR ÞÝÐINGUM EFTIR HENRYK SÍENKIEWICZ.

**B**Eggja vegna árinnar þöglu teygðu sig langar merkur. — — — Á einum stað beygðust bakkarnir með hægum líðanda ofan að fljótinu. Sandarnir breikkuðu, vatnið safnaðist syrir og breiddi úr sér, svo þar myndaðist lítill, grunn og gagnsæ lind. — Það var vaðið.

Hvít og ljósbleik Lótus blóm spegluðust í ljósbláma vatnssins og flutu á yfirborðinu, og sáust leggir þeirra, er teygðu sig upp, alla leið neðan frá botninum, í gegn um vatnið, — svo var vatnið tært.

Marglit fiðrildi og drekaflugur svámu í ótal hringum og bugum yfir blómunum, og af landi kváðu við fuglaraddir, þýðar og angurværar, frá sólheiðu lofti og úr pálmarunnunum.

Dalur gekk þvert yfir ána til beggja handa. Öðrumegin árinnar hét hann LAND LIFENDA, hinumegin LAND DAUDANS. — Allur var dalurinn skaptur af hinum almáttuga Brahma. Land lifenda fékk hann Vishnú hinum góða til umráða, en Land dauðans Síva hinum vitra, og svo sagði hann við þá: „Ráðið ríkjum þessum eftir yðar velþóknan.“

Og lífið óx og dafnaði, æddi fram og aftur um land Vishnú. — Sólin steig upp og settist. — Vötnin flæddu og fjöruðu. — Nótt kom eftir hverjan dag.

En bráðlega þyngdi í lofti, skýflókar drögust saman og röðuðu sér um himininn. Skógar þöktu landið, og það gjörðist þéttskipað mönnum og dýrum, — ólgandi hafi lifandi tilvera. — Þá skóp guðinn góði kærleikann, svo hinari lifandi verur skyldi aukast og margfaldast, og hann tengdi hann ástinni.

Að því loknu kallaði Brahma Vishnú syrir sig, og hann sagði til hans: „Nú hefir þú skapað sélunnar land. Meiri fullkomnum verður ekki náð á jörðu. Hvíl þig nú og lát verur þessar, er þú kollar „menn“, snúa sinn eigin þráð, án nokkurra afskifta af vorri hálfu.“

Þar eftir byrjuðu menn að ráða fyrir sér sjálfir, því Vishnú hlýddi skipaninni. — En skjótt blönduðust gleðistundirnar, er á